

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2023, föstudaginn 10. febrúar var haldinn 87. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 09:33. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Stefán Pálsson, Kjartan Magnússon og Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Eiríkur Björn Björgvinsson, María Rut Reynisdóttir og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Tjarnarbíó – MOF23010075

Sara Martí Guðmundsdóttir og Sindri Þór Sigríðarson sátu fundinn undir þessum lið.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir góða kynningu á starfsemi Tjarnarbíós. Tjarnarbíó hefur verið heimili sjálfstæðra sviðslista í borginni og haldið uppi afar fjölbreyttu og öflugu starfi undanfarin ár. Metnaður stjórnenda stendur til frekari landvinninga og Reykjavíkurborg er í viðræðum við menningarmálaráðuneytið um að taka þátt í þarfagreiningu á aðstöðumálum Tjarnarbíós og sjálfstæðra sviðslista almennt á höfuðborgarsvæðinu. Vonast er til að sú vinna skili niðurstöðum síðar á árinu svo kortleggja megi frekari sókn í þessum geira.

- kl. 10:15 víkur Erling Jóhannesson af fundi.

2. Lögð fram tillaga styrkjahóps ÍTR dags. 3. febrúar 2023 vegna styrkja ráðsins 2023. 20 mín. ITR22090025
Samþykkt.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Íþróttastyrkir menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs eru mikilvægir til að efla skapandi og fjölbreytta íþróttamenningu borgarinnar. Styrkjahópur ÍTR leggur fram tillögu um að 15 umsóknir af þeim 27 sem sóttu um hljóti styrk fyrir sín verkefni árið 2023, samtals að fjárhæð 8 m.kr. Hlökkum við til að sjá afrakstur vinnu styrkhafa á árinu við að auðga líkamlega og andlega heilsu borgarbúa á öllum aldri. Styrkjahópnum er þakkað kærlega fyrir vel unnin störf sem einkennast hafa af fagmennsku og vandvirkni.

- kl. 10:30 tekur Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR sæti á fundinum.

3. Fram fer umræða um æfingagjöld ÍBR. ITR23020002

- kl. 11:05 víkur Ingvar Sverrisson af fundi.

4. Valkostagreining fyrir framtíðarhögun Borgarskjalasafns Reykjavíkur – trúnaðarmál. Óskar Sandholt, Hjálmur Hjálmsón, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Helena W. Óladóttir sátu fundinn undir þessum lið.

5. Rætt um réttindi afreks- og íþróttafólks.
Örvar Ólafsson situr fundinn undir þessum lið.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Það er jákvætt og nauðsynlegt að komin sé af stað umræða um réttindi íþróttafólks, ekki síst réttindi íþróttakvenna í tengslum við barneignir. Jafnrétti er mikilvægt leiðarstef í allri stefnumótun Reykjavíkurborgar. Í samþykktri íþróttastefnu til 2030 er jafnframt stefnt að því að “bæta fjárhagslegt öryggi íþróttafólks”. Það ætti því að vera okkur kappsmál að Reykjavík og reykvísk íþróttafélög verði til fyrirmyndar á heimsvísu í þessum efnum. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð bindur miklar vonir við þá vinnu sem hafin er á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis og telur Reykjavíkurborg og fulltrúa reykvískt íþróttafólks eigi að taka virkan þátt í þeirri vinnu.

6. Sviðsstjóri fór yfir framgang vinnu við sameiningu á nýju sviði. ITR23020003
7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra dags. 7. febrúar 2023 með upplýsingum um vinnu vegna hagræðingartillagna. ITR23020004.
8. Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði 12. janúar 2023 um starfsemi Sigluness MSS23010123.
9. Lögð fram umsögn menningar, íþrótt- og tómstundaráðs vegna erindis borgarstjóra dags. 26. ágúst 2022 varðandi framkomna hugmynd Regins og Fjölnis um uppbyggingu keppnis- og áhorfendaaðstöðu við Egilshöll sem frestað var á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 28. nóvember 2022. MSS22020089 Frestað.
10. Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Meðal þeirra sértæku aðgerða sem stjórnvöld gripu til í tengslum við Covid-faraldurinn var sérstakur frístundastyrkur sem miðaði að því að gera börnum af efnaminni heimilum kost á að stunda íþróttir og tómstundir. Var þar m.a. verið að bregðast við ábendingum Velferðarvaktarinnar frá árinu 2019 um nauðsyn þess að hugað væri að stöðu þessa hóps. Útfærsla verkefnisins var flókin en að lokum tókst Velferðarsviði að þróa ágæta rafræna lausn til útgreiðslu styrksins sem ætti að geta nýst til framtíðar. Óskað er eftir mati Menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs á reynslunni af sérstaka frístundastyrknum frá 2021 og hvort ekki væri rétt að stefna á að koma slíkum stuðningi á til frambúðar.

11. Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram eftirfarandi tillögu:

Á dögnum birti hópur félagasamtaka og einstaklinga opinbera áskorun þess efnis að komið yrði upp fjölskylduklefa í Sundhöllinni sem nýst gæti fjölbreyttum hópi fólks, til viðbótar við kynjuðu klefana sem fyrir eru. Jafnframt hefur verið efnt til undirskriftarsöfnunar til að knýja á um málið. Lagt er til að við undirbúning þeirra framkvæmda sem nú standa fyrir dyrum í Sundhöllinni verði tekið tillit til þessara eindregnu og sanngjörnu óska.

Frestað.

Fundi slitið kl. 12:13.

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson
Sabine Leskopf
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir

Pawel Bartoszek
Stefán Pálsson
Kjartan Magnússon